

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 28.11.2019

Fundur 9-2019

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar fimmtudaginn 28. nóvember 2019 í Skagabúð kl. 13:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Fasteignaskattur**
 - a. álagningarprósenta 2020**
 - b. innheimta 2020**
- 2. Fjárhagsáætlun 2020 fyrri umræða**
- 3. Bréf**
 - a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 30. október 2019**
 - b. Norðurá bs. dags. 18. nóvember 2019**
 - c. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 20. nóvember 2019**
 - d. Skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar dags. 15. nóvember 2019**
 - e. Landgræðslan dags. 6. nóvember 2019**
- 4. Fundargerðir**
 - a. Norðurá bs. dags. 30. október 2019**
 - b. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. dags. 26. nóvember 2019**
- 5. Skýrsla oddvita**
- 6. Önnur mál**

Afgreiðsla:

- 1. Fasteignaskattur**
 - a. álagningarprósenta 2020**

Samþykkt að álagningarprósenta haldist óbreytt, 0,4%.
 - b. innheimta 2020**

Rætt og samþykkt að hafa innheimtu á fasteignagjöldum fyrr að árinu. Hjá aðilum með gjöld undir 50.000 verður innheimt einu sinni á ári en tvisvar hjá aðilum með gjöld yfir 50.000. Fyrri gjalddagi verði 15. apríl og seinni 15. september.
- 2. Fjárhagsáætlun 2020 fyrri umræða**

Farið yfir fjárhagsáætlun og gert grein fyrir henni. Fjárhagsáætlun vísað til annarar umræðu.
- 3. Bréf**
 - a. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 30. október 2019.**

Lagt fram til kynningar og oddvita falið að vinna að málinu.
 - b. Norðurá bs. dags. 18. nóvember 2019.**

Í bréfinu er tilkynnt um hækkun á gjaldskrá á urðunarstaðnum í Stekkjarvík sem tekur gildi 1. janúar 2020. Bréfið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 28.11.2019
Fundur 9-2019

- c. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 20. nóvember 2019.**
Svarbréf frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- d. Skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar dags. 15. nóvember 2019.**
Bréfið lagt fram til kynningar og verður tekin afstaða til þess á næsta fundi.
- e. Landgræðslan dags. 6. nóvember 2019.**
Undir þessum lið veku af fundi Magnús Guðmannsson, Magnús Björnsson og Karen Helga R Steinsdóttir.
Styrkbeiðni frá Landgræðslunni þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið greiði 30.000 í styrk vegna verkefnisins Bændur græða landið fyrir árið 2019. Samþykkt að veita þann styrk.
- 4. Fundargerðir**
- a. Norðurá bs. dags. 30. október 2019.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún. dags. 26. nóvember 2019.**
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- 5. Skýrsla oddvita.**
Skýrsla oddvita flutt munnlega.
- 6. Önnur mál.**
Sveitarstjórn veitir Vigni Björnssyni leyfi til að stunda vetrarveiði við Þverá.

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:50.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson